

Reykjavík, 26.10.2018

Efni: Umsögn Öryrkjabandalags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum til að heimila skráningu lögheimilis barna hjá báðum forsjáforeldrum, þingskjal 25-25.mál.

Frumvarpið leggur til yfirgripsmikla kerfisbreytingu með það að markmiði annars vegar að tryggja rétt forsjáforeldra, sem búa ekki saman, til að taka afgerandi ákvarðanir um daglegt líf barns síns í sameiningu og hins vegar að gæta réttar barna til að njóta fullrar þátttöku og íhlutunar beggja foreldra í daglegu lífi sínu. Í greinargerð sem fylgir frumvarpinu segir að aðstöðumunur foreldra með sameiginlega forsjá sé þó nokkur og að lögheimilisforeldri hafi ríkari rétt til ákvarðanatöku varðandi daglegt líf barnsins.

Í 3. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna segir „það sem barni er fyrir bestu skal ávallt hafa forgang þegar félagsmálastofnanir á vegum hins opinbera eða einkaaðila, dómstólar, stjórnvöld eða löggjafarstofnanir gera ráðstafanir sem varða börn“. Af því leiðir að jafn réttur foreldra víkur fyrir hagsmunum barna.

Í frumvarpinu kemur fram að barn skuli hafa rétt til þjónustu eða aðstoðar í báðum sveitarfélögum ef barn er með skráð lögheimili hjá báðum foreldrum sem búa í sitthvoru sveitarfélaginu. Gleðilegt er að í frumvarpinu er tekinn af allur vafi um það að barn skuli njóta grunnskólavistar í aðeins einu sveitarfélagi ef um tvöfalt lögheimili er að ræða. Aftur á móti er ekki tiltekið hvernig sveitarfélög skuli útfæra grunnskóla- og leikskólavist sem og aðra þjónustu sín á milli né hvort sveitarfélagið beri ábyrgð á að veita þjónustu. Veruleg hættu er því á að sú lögbundna þjónusta sem barn á rétt á skerðist vegna þessa flækjustigs.

Eins og staðan er í dag hefur lögheimilisforeldrið skýran ákvörðunarrétt í ákveðnum málum er varða barn t.d. um val á leikskóla, nauðsynlega heilbrigðisþjónustu og reglubundið tómstundastarf. Best er að foreldrar með sameiginlega forsjá eigi góð samskipti og séu sammála varðandi ákvarðanir sem lúta að barni en sú er því miður ekki alltaf raunin. Ósamkomulag foreldra getur teyggt verulega á ákvörðunum sem hafa áhrif á daglegt líf barns. Í þeim tilvikum er hagsmunum barnsins betur borgið í núverandi kerfi þar sem lögheimilisforeldri metur hvað barninu er fyrir bestu við ákveðnar aðstæður og nýtir ákvörðunarrétt sinn og tryggir á þann hátt stöðugleika í lífi barns.

Opinber stuðningur

Ljóst er að aðstöðumunur foreldra með sameiginlega forsjá er mikill. Lagaumhverfið veitir lögheimilisforeldri rétt á fjárhags- og félagslegum stuðningi umfram umgengnisforeldri. Sífellt fleiri börn búa hjá báðum foreldrum sínum á tveimur heimilum. Mikilvægt er að tryggja báðum forsjárforeldrum barns jafnt aðgengi að opinberum stuðningi óháð lögheimili. Einnig þarf að tryggja upplýsingagjöf milli foreldra og þjónustuveitanda í þeim tilfellum sem forsjá og búseta á báðum heimilum er jöfn.


Fötluð börn

2. gr. Barnasáttmálans leggur bann við mismunun barna. Þrátt fyrir það er það staðreynd að fötluðum börnum og foreldrum þeirra er mismunað af hálfu hins opinbera. Ótækt er að börn sem þurfa á hjálpartækjum að halda fái aðeins hjálpartæki og aðra þjónustu á lögheimili sínu. Einnig fær lögheimilisforeldrið styrk til að aðlaga húsnæði sitt að þörfum barna, t.d. með að leggja skábrautir og breikka hurðargöt. Oft eru hjálpartæki þess eðlis að erfitt er að flytja þau á milli forsjárforeldra, til dæmis er ekki hægt að skella sjúkrarúmi í venjulegan fólksbíl. Slík mismunun brýtur á rétti barns til að umgangast báða foreldra sína og takmarkar tækifæri barns til að alast upp hjá báðum foreldrum sínum. Það er skýlaus krafa að fatlað barn fái þau hjálpartæki sem það þarf á bæði heimili sín óháð lögheimili. Nauðsynlegt er að breyta lögum um Sjúkratryggingar Íslands nr. 112/2008 og reglugerð um styrki vegna hjálpartækja nr. 115/2013 til að leiðrétta þetta ójafnrétti.

Ef frumvarpið verður samþykkt verður að ganga út frá því að flækjustig sem gæti skapast verði aldrei til þess fallið að rýra rétt barnsins til þeirrar þjónustu sem við á hverju sinni.

Ekkert um okkur án okkar.

Með vinsemd og virðingu,


Þuríður Harpa Sigurðardóttir
Formaður ÖBÍ